
Verkefnasjóður Rauða krossins á Íslandi

- Reglur -

1. gr.

Meginhlutverk verkefnasjóðs er að veita fjármagni til verkefna Rauða krossins í samræmi við gildandi stefnu Rauða krossins og fagviðmið um gæði og ábyrgð í mannúðarstarfi.

2. gr.

Tekjur verkefnasjóðs eru:

- a) Hlutfall af sameiginlegum tekjustofnum samkvæmt ákvörðun aðalfundar.
- b) Tekjur sem ella hefðu runnið til deilda.
- c) Einstök framlög til sjóðsins.

3. gr.

Stjórn Rauða krossins á Íslandi úrskurðar um styrkveitingar og skipar undirbúningsnefnd til að vinna úr umsóknum og skila tillögum um styrkveitingar til stjórnar.

Í undirbúningsnefnd verkefnasjóðs sitja fimm fulltrúar. Stjórn skipar fjóra fulltrúa og varamann í stjórn sjóðsins, auk formanns.

Framkvæmdastjóri Rauða krossins eða staðgengill hans situr fundi undirbúningsnefndar með málfrelsi og tillögurétt.

Undirbúningsnefnd er heimilt að kalla inn sérfræðinga eftir þörfum.

4. gr.

Ákvörðun um styrkveitingu úr verkefnasjóði skal að jafnaði tekin í október ár hvert, að fengnum umsóknum frá deildum. Skulu umsóknir berast til landsskrifstofu fyrir 1. september á þar til gerðu umsóknarformi.

Greiðslur úr sjóðnum fara fram á því starfsári sem úthlutað er fyrir.

Ekki má skuldbinda verkefnasjóð til lengri tíma en þriggja ára í senn.

5. gr.

Við úthlutun skal taka mið af fjárþörf verkefnis og fjárhagsstöðu umsækjenda.

Skilyrði fyrir úthlutun úr verkefnasjóði er að umsækjandi uppfylli þau skilyrði sem gilda um greiðslu kassatekna til deilda þannig að uppsafnað fjármagn umsækjenda sé undir viðmiði á hverjum tíma.

Styrkur úr verkefnasjóði getur ekki orðið hærri en sem nemur 90% af áætluðum kostnaði við verkefnið.

6. gr.

Stjórn sér um eftirfylgni og eftirlit með þeim verkefnum sem hljóta úthlutun úr sjóðnum.

Deild sem hefur hlotið styrk skal skila áfangaskýrslu á sérútbúnu formi til landsskrifstofu vegna verkefnis sem úthlutað var til árið á undan. Síðasti skiladagur er 15. mars.

Stjórn er heimilt að afturkalla veittan styrk að hluta til eða öllu leyti ef forsendur úthlutunar breytast. Óráðstöfuðu styrkfé er skilað að verkefnistíma loknum.

Reglur þessar voru samþykktar á stjórnarfundum Rauða krossins 8. júní 2022